

Dómsmálaráðuneyti
Sölvhólsögötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. október 2020
UST202010-165/E.F.
04.03

Efni: Samráðsgátt - Reglugerð um breytingu á reglugerð um skotelda, mál nr. 218/2020

Vísað er til reglugerðar um breytingar á reglugerð um skotelda nr. 414/2017 sem nú er til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. Þar er annars vegar lagt til að fækka söludögum skotelda og hins vegar að þrengja tímamörk þar sem almenn notkun skotelda verður heimil.

Til grundvallar breytingunum liggur skýrsla starfshóps dómsmálaráðherra, heilbrigðisráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra frá janúar 2020 um mengun af völdum skotelda og tillögur um aðgerðir. Í ljósi þess sem fram kemur í fyrrgreindri skýrslu um áhrif mengunar af völdum skotelda á heilsu manna og umhverfi, og þá sérstaklega þess að svifryksmengun fer reglulega yfir heilsuverndarmörk á áramótunum, tekur Umhverfisstofnun undir þær tillögur að takmörkunum sem lagðar eru til við sölu og notkun skotelda með reglugerð þessari.

Virðingarfyllst,



Erla Friðbjörnsdóttir
lögfræðingur



Einar Halldórsson
teymisstjóri